

Fasteignafélagið Hvammur ehf. Aðalfundur

Þriðjudaginn 13. apríl 2021 var haldinn aðalfundur. Fundurinn var haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 15:20.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson (fer með atkvæði Dalabyggðar), Pétur Friðjónsson (fer með atkvæði Byggðastofnunar, í fjarfundi) og Kristján Sturluson sem ritaði fundargerð.

Enginn mættur fyrir hönd Kaupfélags Skagfirðinga.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar 2020

Einar Jón Geirsson formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Sex stjórnarfundir voru haldnri á árinu. Þreifingar voru með sölu eigna og því voru stjórnarfundir fleiri.

2. Stjórnarlaun

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun verði óbreytt. Kr. 17.000 fyrir hvern fund fyrir stjórnarmenn og kr. 28.000 fyrir formann. Samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur 2020

Ársreikningur borin upp. Reikningurinn samþykktur og undirritaður.

4. Stjórnarkjör

Lagt til að eftirtaldir skipi stjórn: Einar Jón Geirsson og Kristján Sturluson fyrir hönd Dalabyggðar og Pétur Friðjónsson fyrir hönd Byggðastofnunar.

Tillaga um stjórn samþykkt samhljóða.

5. Meðferð hagnaðar/taps

Ekki verður greiddur út arður.

Samþykkt samhljóða.


6. Kosning endurskoðanda

Haraldur Örn Reynisson hjá KPMG ehf. kt. 590975-0449 kjörinn endurskoðandi félagsins.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35.


Pétur Friðjónsson


Kristján Sturluson


Einar Jón Geirsson